

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpförgun í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphaeinsun og sorpförgun) í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 985/2001 um sorphirðu í Mýrdalshreppi, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum.

<i>Sorpgjöld</i>			
	<i>Sorphaeinsun</i>	<i>Förgun og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
<i>Heimili</i>			
<i>Íbúðir</i>	<i>Kr.</i>	<i>Kr.</i>	<i>Kr.</i>
Íbúðarhús	21.891	22.763	44.653
Sumarhús	10.940	11.382	22.322
<i>Fyrirtæki</i>			
Flokkur 0	Lögbýli	25.852	25.852
Flokkur 1		56.875	56.875
Flokkur 2		150.050	150.050
Flokkur 3		261.566	261.566
Flokkur 4		357.811	357.811
Flokkur 5		458.063	458.063

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvert sumarhús í sveitarfélagini. Hver íbúð á rétt á tveimur sorptunnum annarri fyrir óflokkað sorp en hinni fyrir endurvinnsluefni. Eftir 1. mars 2020 verða tvær tunnar fyrir endurvinnsluefni og ein fyrir óflokkað. Gámar fyrir bæði flokkað og óflokkað sorp eru staðsettir í námunda við sumarhúsabyggðir. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum sumarhúsum skv. ákveðnu skipulagi. Sorpgjald er lagt á húsnæði fyrirtækja, geymslu- og verkstæðishúsnaði og er gjald fyrir sorphirðu og hreinsun innheimt eftir magni og er þá tekið mið af sorpmagni undangengins árs, þannig að flokkað er í 5 mismunandi flokka eftir sorpmagni.

Kostnaði vegna gámaðallar og endurvinnslu er jafnað á íbúðir, þó þannig að sumarhús greiða aðeins 50% af gjaldinu. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Gjald sem lagt er á fyrirtæki vegna þjónustu gámaðallar og endurvinnslu fer hækkandi eftir magni úrgangs frá fyrirtækjunum. Lægsta fyrirtækjagjald vegna gámaðallar og endurvinnslu er innheimt af bújörðum með búrekstur.

Hreinsunar- og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús, en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorpíláta og umfangi sorps.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps og er hér með staðfest samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 27. nóvember 2019. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 61/2019 fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Mýrdalshreppi úr gildi.

Gjöld þessi miðast við neysluverðsvísítolu í janúar 2020 og skulu uppfærð samkvæmt henni 1. janúar ár hvert, verði ekki annað ákveðið.

Mýrdalshreppi, 22. janúar 2020.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri.